13. Greftrunarsiðir fyrrum.

7 blöð qto. Reykjavík, 30.nóv.1942.

# Greftrunarsiðir voru fyrrum.

Þegar einhver heimilis- eða aðkomumaður andaðist, voru honum veittar nábjargirnar, þ.e. augum hans, munni og nösum var lokað og lík hans lagt til, þannig, að það var látið liggja flatt og jafnhátt undir höfði sem fótum, klútur var látinn undir höku þess, svo að munnurinn opnaðist eigi og hendur þess voru krosslagðar á brjósti þess. Áður en þetta var gert var líkami hins látna manns þveginn, skegg hans (væri hann skeggjaður) og hár hans og höfuð kembt. Að lokum var svo opin bók, venjulega Passíusálmarnir, hugvekjur, bænakver eða Nýja Testamentið lögð á brjóst hins látna og allir viðstaddir báðu hljóðlega fyrir sálu hans og að lokum las einhver Faðir vor í heyranda hljóði á eftir. Líkklæði voru sjaldan höfð og eigi fyrr en kistulagt var 3-4 dögum síðar, en brekáni eða ábreiðu var breitt yfir líkið og það annað hvort látið liggja á banabeði sínum eða flutt í útihús, venjulegast eða ávalt út í skemmu, lagt þar á fjöl eða borð og vakað yfir því um nætur við daufa birtu, venjulegast kertaljós tvö (stundum aðeins eitt) en aldrei lampa, sem eigi voru aðrir til en grútarlampar og þóttu þeir eigi eiga við. Meðan vakað var yfir líkinu milli andlátsstundar mannsins til kistulagningarinnar las sá eða þeir, sem til þess voru kvaddir, hátt eða í hljóði eitthvað upp úr guðsorðabókum, hugvekjur, sálma eða vers og oft lásu þeir eitthvað upp úr biblíunni, en aðrar sögur eigi. Vökumenn voru stundum eða sögðu sig vera líkhrædda og því voru þeir oftast hafðir tveir; gátu þeir þá skipst á um að sofa nokkurn hluta næturinnar, og tregðaðist menn sjaldan við því að vaka, jafnvel þótt einn maður væri.

Fráfall mannsins var tilkynt presti svo fljótt sem því varð við komið og oftast hreppstjóra einnig, en lækni eigi, enda náðist sjaldan til hans í annari sýslu eða öðrum landsfjórðungi, nema ef um vofeiflegan dauðdaga væri að ræða, [illegible], vegna slyss, manndráp [illegible] eða hugsanlegt var, að maðurinn

væri enn með lífsmarki, þótt eigi væri unnt að vekja hann til lífs aftur.
Stundum var líkinu snúið við til öryggis um það, að hann væri andaður og eins var oft spegli brugðið fyrir vit honum og aðgætt, hvort eigi fyndist volgur blettur undir höndum hans eða annarstaðar í líkama hans. Kæmi móða í speglinum eða volgur blettur fyndist lengur en eitt eða tvö dægur, þótti eigi ugglaust, að maðurinn væri látinn, einkum ef hann hafði dáið úti við og kalið eða ef um drukknun var að ræða. Var þá oftast reynt að ná í lækni, þótt um langan og torsóttan veg væri eða þá yfirsetukonu eða blóðtökumann, en yfirsetukonur voru þá fáar, víða lærðar: Aðeins ein „lærð" yfirsetukona (Ingibjörg sál. í Syðri Loftsstöðum) var lengst af í Árnessýslu og var hún, sem vonlegt mátti, sjaldan heima og venjulega vant við látin: að sitja yfir konum, sem henni var ómögulegt að yfirgefa eða fara frá í fjarlæga sveit.
Þannig var þessu varið þar í síðasta aldarfjórðung 19. aldarinnar og urðu menn þar oft að notast við ólærðar yfirsetukonur, sem venjulega gafst þó svo vel, að ekkert varð að, konu eða barni; stundum tóku feðurnir sjálfir við flestum börnum sínum við fæðingu þeirra í heimahúsum. Svo var með Aron Guðmundsson í Kalkarhjáleigu (bróður [illegible] Bjarna), að hann átti 16 börn og „tók á móti þeim", þegar eigi náðist nógu fljótt í yfirsetukonu, t.d. móður mína, er tók á móti mörgum hundruðum barna, og var þó eigi nema um ½ tíma gangur á milli heimila þeirra, móður minnar og Arons. —
Svo aftur sé vikið að hinum látna manni og nauðsynlegum ráðstöfunum vegna andláts hans, var, svo fljótt sem auðið var, farið til einhvers líkkistusmiðs eða þess er fékkst við trésmíðar og hann beðinn að „smíða utan um hinn látna"; var honum fengið mál af líkinu og sagt til um smíðið: hversu viðhafnarmikil eða vönduð kistan skyldi vera, hvernig lit o.s.frv., en það var venjulega svört kista, lituð með kynroki, en aldrei máluð, nema eftir það, að tekið var upp á

því að mála líkkistur þótti hvorki ómaksvert eða þá líkamsmálaðar eða svartar og viðhafa í þeim alls konar skraut. Kransar og blóm sáust þá engin og eigi fyrri en undir aldamótin síðustu, nema þá einstöku sinnum kransa eða umferfléttur úr íslenzku lyngi og blómum, en það þótti spilla jörðinni og var gert að blaðamáli (Þorlákur í Hvammskoti? o. fl.) hver spjöll það væri.

Þá var líkkistan smíðuð og kom þá þar að kistulagningunni. Hefði líkið verið látið standa uppi úti í útihúsi, var það nú flutt inn í baðstofu (eða stofu, ef til var) og kistulagt þar, eins og það hafði í líkbörunum legið áður. Í botni kistunnar voru hefilspænir og líkið lagt á þá, í líkfötunum, ef til voru og oftast einhver, síðan var og oft einhver gersemi verið lögð þar í brjóst hins dána og stundum einhver hlutur, er hann hafði átt og honum þótt vænt um, við hlið hans, t. d. stafur hans eða annað. Hefði hann eða hún haft hringa á hendi voru þeir oftast látnir fylgja hinum látna og eigi dregnir af hönd hans, einkum ef það voru giftingarhringir eða gjafa.

Að kistulagningu lokinni var sálmur sunginn, bæn eða húskveðja lesin og signing allra viðstaddra með hljóðlegri bæn og höndum fyrir andliti var hið síðasta tákn viðstaddanna og vinsemdarinnar frá hálfu hinna lifandi er þá litu vin sinn, föður, móður, barn sitt eða einkavin síðasta sinni augum í þessu lífi, því nú var kistu hans lokað. Mátti þá margur sjá og minnast þess, oftast með viðkvæmum og þakklátum huga, hver breyting var á orðin, frá því sem áður var, meðan hinn fráfarni vinur var í fullu fjöri og lék við hvern sinn fingur eða vann skyldustörf sín, sér og ástvinum sínum til gagns og gleði. — Nú var hann horfinn og skildi eigi annað eftir en endurminningar þeirra, hverjar sem þær voru, oftast góðar og nú viðkvæmar.

Þegar að jarðarfarardeginum kom, sem sjaldnast var fyrri en 7–8 dögum eftir andlát hins fráfallna manns, söfnuðust menn saman á heimili hans, til þess að veita honum hinn síðasta vott sinn vinsemdar og virðingar, er

þeim gefið kostur á svo almennt að veita honum. Væri prestur þá við og skyldi húskveðja haldin, las hann ræðu sína og var sálmur sunginn á undan ræðunni og síðan annar sálmur, sem síðar verður vikið að.

Skyldi jarðarförin fara fram án húskveðju, hófst úthafningin með sálminum. Af því að út var borið, að fyrsta versinu sungnu, gengu líkmenn að kistunni um leið og annað versið byrjaði: Út geng ég ætíð síðan og þriðja versið að því loknu: Dýrðar kórónu dýra sungið, og kistunni síðan ekið fyrir á flutningstæki því, er fyrir hendi var og til þess var ætlað, að flytja líkið til kirkju.

Meðan hvorki voru til vagnar né bílar til ferðalaga, voru hestar flutningsvörur, fluttar á landi, ýmist á sleðum eftir ísum eða á hestum. Svo var þessu og varið, er flytja skyldi lík til grafarinnar um langan veg svo, að eigi var hægt að bera það milli sín að eins stutta leið, að þá voru til þess höfðir stilltir hestar, reyndir vel og öfalnir, og þótt svo væri, að þeim væri kostur, þótti nauðsyn, að hvísla í eyra hestsins setningu þessari, svo að hann fell-ist því síður: „Farðu varlega, því þú átt að bera lík til grafar í dag!"

Þótti þetta einhlítt ráð til öryggis og gafst ávalt vel.

Álagning reiðingsins var háttað svo sem venjulegt var, að öðru leyti en því, að klyfberinn var öfugur á lagður yfir reiðinginn, svo að hvorki klakkar né klifberabogi væri því til hindrunar að kistan, sem var lögð þversum, kæmist þar vel fyrir. Reipi tvö voru lögð um sitt hvorn enda kistunnar, svo að líkmenn gæti haldið í þau og haldið henni svo, að eigi hallaðist mikið á, þótt vegur væri eigi greiður.

Um leið og lagt var af stað heiman að með líkið, var hey það, er verið hafði í rúmi hins látna og hann legið á þegar hann andaðist, tekið úr rúminu og flutt spölkorn frá bænum í sömu átt, sem líkfylgdin átti að fara um en þó nokkuð ~~svo~~ langt til hliðar þeim megin sem undan vindstöðunni

var, svo að reykinn leggði ekki í líkfylgdina meðan heyþetta var brennt en það var nágrasið, er þá skyldi brenna. Væri þessa eigi gætt og reykurinn látinn leggja í líkfylgdina, máttu menn búast við því, að einhver sá, einn eða fleiri, er í henni voru, væri ~~[illegible]~~ feigir.

Nágrasið, og brennsla þess, varð að fara fram með þessum hætti og var heyþetta aldrei notað fyrir aðra til að liggja við, þótt eitthvað af því væri eigi haft til brennslu á þessa lund. Verður eigi annað séð, en að þetta hefi verið hyggileg heilbrigðisráðstöfun, því sennilega hefir margur maður látist, sem lága í heyi þessu – nágrasi þeirra – og haft sóttnæmi í sér og skilið hana þar eftir, þótt eigi vissi þeir það eða gæti aðgert. Hitt er svo annað mál, að sjaldan munu nánar sóttvarnir hafa verið viðhafðar, nema þá að brenna einhverja sóttvarna-efni og þá helzt að láta loga í brennisteini í baðstofunni eða þar sem hinn látni hefði legið.

Væri lík borið af hestsbaki eða upp úr skipi til kirkjunnar og eins þá er að Kirkju var komið, var Kistunni ávalt snúið við sólarsinnis en aldrei móti sólu. Og er að sáluhliði kom var Klukkum hringt og versið, Jurtagarður er herrans hér sungið, og stóð það oftast heima, að því var lokið, þegar Kistan var sett niður í skammelin framan undan gráturum og á miðju gólfi, og Klukknahringingu -hætt. Að því búnu var sálmur sunginn og að honum enduðum hóf prestur-inn líkræðu sína. Að henni lokinni var svo sungið fyrsta versið af sálminum, Alt eins og blómstrið eina, og þegar annað vers hans var byrjað, svo lyftu [illegible] líkmenn upp Kistunni og báru til grafar. Var hún síðan látin síga niður í gröfina og gekk þá presturinn þangað, tók lítinn spaða sér í hönd, stakk honum í moldarhrúguna og sagði um leið og hann kastaði fyrstu rekunni í Kistuna: „Af jörðu ertu Kominn (Komin)," við aðra reku sagði hann: „Að jörðu skaltu aftur verða!" og við hina þriðju: „Og fyrir guðs kraft skaltu

upp aftur rísa!" Tóku líkmenn þá til að moka ofan í gröfina, en á meðan var það, sem eftir var af sálminum, en hann er 13 vers, sungið til enda, hvort sem líkmenn höfðu þá lokið yfirmokstri sínum eða eigi. Að því búnu var sungið Hein frá gröf við göngum svo og síðan gengið í kirkju, en krossmark gert yfir gröfinni um leið og frá var gengið. Í kirkjunni var svo vanalega sálmur sunginn og lokið þannig, síðan hringt kirkjuklukkum til útgöngu enn og að endaðri messugjörð.

Vinir og vandamenn hins látna gengu oft út að gröfinni aftur, gerðu þar bæn sína, signdu sig og gerðu krossmark yfir legstaði hins látna vinar.

Yrði um langan veg að fara, sem flytja átti líkið um, eða það var óvenjulega þungt, voru kviktré höfð til flutnings þessa, tveir hestar látnir ganga hvor í eftir öðrum og borð eða bollungar bundin í klakkana, svo sitt, að þeir hindruðu eigi gang hestanna og líkkistan svo látin þversum á borð þessi, studd af tveim mönnum til hvorrar hliðar, svo að kistan hreyfðist sem minnst. Þótti þetta hægur og hagkvæmur flutningur, enda voru og kviktré oft notuð til flutnings á veikum mönnum um langa vegu og torsótta; þótti það hagfellt fyrir hinn sjúka: hreyfingar allar mildari og viðfelldnari en ella.

Þegar heim var komið frá jarðarförinni, byrjaði erfisdrykkjan með átveislu og víndrykkju, sem oft var með ýmsu móti og svo var sagt: „Erfisdrykkja og ónýtt pjál" og endaði ~~sú~~ sumar þeirra með háreisti og óviðeigandi illyrði, eins og brúðkaupsveislur sumar.

Blóm og kransar sáust sjaldan á leiðum manna, en þau voru hlaðin upp með sniddutorfi vel og vandlega og vel og snyrtilega frá þeim gengið. Legsteinar eða önnur minnismerki sáust naumast né heldur grindur í kringum leiði nema helstu höfðingjar ætti hlut að máli. Minningarspjöld eða grafskriftir voru stundum látin á kórveggi inni í kirkju, með fallegu letri og gylltum ramma

stan um. Voru þar með nafni hins látna, fæðingardegi og ári og loks ártíða-stíð hans. Hirðusamlegar voru grafskriftir þessar og hið bundna mál er á þeim var, en flestar þó vel gerðar og til prýði. settar sitt hvoru megin við altaristöfluna eða til hliða í kórnum. —

Um ensku dagblöðin og gjafir hefi eg skrifað í öðrum stað, og lýsingar á þeim. —

Loks vil eg geta þess, að eftir að orgel kom í kirkjur landsins og heimahús var á þau leikið viðeigandi sorgarlög eða sungið, er lík kom í kirkjuna við inn-göngu og útfæringu, en hinn tilkomumikli og eitt viðeigandi fiðluleikur eða hornablástur heyrðist aldrei, að m. k. eigi að norðan meðan eg að staðaldri var um 17 ára skeið né heldur hér nærri jafnlengi.

Hefi eg nú í stuttu máli lýst útfararsiðunum gömlu, en oft hefir mér til hugar komið samanburður á fyrstu stundum æfi mannsins og hinum síðustu. Virðist mér að líkt standi á með þær: Maðurinn fæðist ósjálfbjarga á þeim báðum: Eg hefi séð níumánaða gamalt barn leggja fingur sína á snarpheitt járn; það grét, en hafði eigi skilning á því eða vit á að kippa að sér hendinni og færa sig frá sársaukanum. Á dánarbeðinum og í gröfinni getur hinn deyjandi maður eigi forðað sig þjáningunum, né heldur losað sig við fjötra þá, sem líkkista hans leggur um hann og gröfin.

Þannig byrjar æfi vor allra og á líka leið endar hún: Vér komum utan úr óvissunni inn í þennan heim og úr honum förum vér út í óvissuna!

Ó, að vér kynnum að nota dvalartíma vorn hér, svo, að vér eigi óvissan aðeins að vænta, allra síst að honum loknum, heldur vissan um eilíft líf, fullkomnun í hinu góða í þroskabraut þess!

Reykjavík, 30. nóvember 1942.

[illegible]